57
21. febr.

Meðalverð á hverju hundraði og hverri alin í nefndum landaurum verður:

	Hundrað. Kr.	Hundrað. Aur.	Alin. Kr	Alin. Aur.
Eptir A. eða í friðu	97	63	»	81
— *B.* — *i ullu, smjöri og tólg*	72	15	»	60
— *C.* — *í tóvöru af ullu*	121	40	1	1
— *D.* — *í fiski*	61	57	»	51
— *E.* — *í lýsi*	36	88	»	31
— *F.* — *í skinna-vöru*	54	55	»	45½
En meðalverð allra landaura samantalið	444	18	3	69½
og skipt með 6, sýnir: **meðalverð allra meðalverða**	**74**	**3**	**„**	**62**

Skrifstofu norður- og austuramtsins, 21. dag febrúarmán. 1882.

J. Havsteen, settur.

Í umboði herra biskupsins
Davíð Guðmundsson.

58
22. nóvbr. 1881.

— **Brjef ráðgjafans fyrir Ísland** *til landshöfðingja* **um skipaskjöl.** — Konunglegi danski generalkonsúllinn í Þrándheimi hefir í fyrirspurn til utanríkisráðgjafans um, hver skjöl Íslandsför frá utanríkislöndum þurfi að vera útbúin með samkvæmt lögum 15. apr. 1854, meðal annars getið þess, að flest Íslandsför frá Noregi vanrœki að útbúa sig með vöruskrám og heilbrigðisskírteinum með árituðu vottorði konsúlanna, og hafi hann þó aldrei að því komizt, að þeir sættu neinni ákæru fyrir þessar sakir.

Út af þessu vil jeg þjónustusamlega skora á yður, herra landshöfðingi, þóknanlega að annast um, að það verði brýnt fyrir rjettarþjónunum að gæta þess, að ákvæðum 8. greinar í lögum 15. apríl 1854, sje nákvæmlega fylgt, og að beitt verði sektarhegning þeirri, er heimiluð er í 9. grein tjeðra laga, gegn þeim, er brjóta móti fyrirmælum laganna.

59
6. janúar.

— **Brjef ráðgjafans fyrir Ísland** *til landshöfðingja* **um skiptagjald af íslenzku búi kaupmanns í Danmörku.** — Með þóknanlegu brjefi 18. október f. á. hafið þjer, herra landshöfðingi, sent hingað erindi frá verzlanstjóra N. Thomsen, en hann er erfingi í dánarbúinu eptir íslenzkan kaupmann H. E. Thomsen, og sœkir hann um að ákveðið verði með amtmannsúrskurði gjaldið fyrir aukauppskript, er sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum hafði gjört eptir beiðni skiptanefndar hins konunglega landsyfir- og hirð- og bœjarrjettar, á eigum hins látna þar í sýslu, hafði sýslumaður reiknað gjald þetta $^{2}/_{3}$% af andvirði hinna uppskrifuðu muna; svo hafið þjer og sent þar með skýrslur þeirra sýslumanns og amtmannsins í suðurumdœminu. Hafið þjer látið þá skoðun í ljósi, að rjettast hefði verið að taka búið til sjerstakrar skiptameðferðar á Íslandi, en skotið annars málinu undir úrskurð ráðgjafa.

Af tilefni þessu læt jeg ekki hjá líða að tjá yður þjónustusamlega til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, að svo virðist sem á það verði að fallast, að sýslumaðurinn á Vestmannaeyjum hefir látið sjer nœgja að gjöra eptir beiðni skiptanefndarinnar hjer uppskript á eigum dánarbús H. E. Thomsens kaupmanns á Islandi, með því að álíta verður samkvœmt reglum þeim, er hingað til hefir fylgt verið og sem lög um skipti á dánarbúum og fjelagsbúum o. fl. 12. apríl 1878 eigi virðast hafa getað